

Fundargerð bekkjarfullrúafundar 9. nóv 2016, kl 20:30.

Af 20 bekkjarfulltrúum Hrafnagilsskóla mættu 10, 8 fulltrúar höfðu afboðað sig.
Fundargerð ritaði Sigríður Hrefna Pálsdóttir.

Mættir á fundinn voru eftirfarandi bekkjarfulltrúar, Benjamín Örn Davíðsson (b.f. 1. bekk), Berglind Kristinsdóttir (b.f. 1. bekk), Dagný Linda Kristjánsdóttir (b.f. 2. bekk), Brynhildur Bjarnadóttir (b.f. 2. bekk), Katrín R. Guðmundsdóttir (b.f. 3. bekk), Elín Nolsöe Grethardsdóttir (b.f. 3. bekk), Ingibjörg Ævarsdóttir (b.f. 4. bekk), Óskar Þór Vilhjálmsson (b.f. 6. bekk), Kolbrún Inga Rafnsdóttir (b.f. 7. bekk), Sigurlaug H. Leifsdóttir (b.f. 8. bekk).

Fundurinn byrjaði á stuttri kynningu allra viðstaddra.

Formaður minnst á Handbók Foreldrafélagsins, helsta markmið félagsins og helstu hlutverk bekkjarfulltrúa en handbókina má finna á heimasíðu skólans:

<http://grunnskoli.krummi.is/wp-content/uploads/2010/01/foreldrahandbok-okt12.pdf>

Bekkarhittingar voru ræddir, form sem hægt er að hafa á þeim til að styðja bekkjarfulltrúa í skipulagningu þeirra. Sumir hafa verið að styðjast við ákveðið skjal sem hægt er að nota sem ramma fyrir skólaárið þar sem börn og foreldrar geta komið með hugmyndir að hittingum og þeim raðað niður á foreldra bekkjarins og gróflega tímasettir (verður gert aðgengilegt á <http://grunnskoli.krummi.is/grunnskolinn/foreldrafelag/>).

Hugmyndir um hvað hægt er að gera á bekkjarsamverum eru ýmsar og ákveðið að setja inn á heimasíðu Hrafnagilsskóla smá hugmyndabanka (<http://grunnskoli.krummi.is/grunnskolinn/foreldrafelag/>).

Ýmis mál voru svo rædd eins og

- Skólalóðin og hvort foreldrafélagið gæti komið að uppbyggingu hennar, annað hvort með sjálfboðavinnu eða styrkumsóknum. Stjórn stefnir á að hitta sveitarstjóra og fara yfir skipulag og skoða hvað hægt sé að gera. Kannski möguleiki á að sækja í samfélagsstyrki fyrirtækja í gegnum foreldrafélagið til uppbyggingar á lóðinni.
- Skólabjallan, kerfið er orðið gamalt og spurning ef á að skipta því út hvort hægt sé að skipta út bjöllunum. Ekki er vafi á að þær eru of háværar en þarf annaðhvort að dempa í þeim hljóði ef hægt eða skipta út. Sumir bekkjarfulltrúar hafa verið í sambandi við skólastjórnendur út af þessu en spurning um að fylgja eftir.
- Fyrirliggur áframhaldandi vinna foreldra í Aldísarlundi og er stefnt að vinnudegi þar 21. nóvember, nánar auglýst síðar.

Að lokum var farið yfir jólaföndurdaginn mikla. Jólaföndur fyrir allan skólann verður nú 3. árið í röð. Jólaföndur verður 26. nóvember næstkomandi á milli kl 11 og 14.

Hver bekkur á yngsta stigi mun hafa sér föndurstöð, 1. bekkur með pipakökuskreytingar, 3. bekkur jólakúluskreytingar, á miðstigi verður selt karton í jólakort. Fulltrúar 2. og 4. bekkjar eru að finna hugmyndir og þar sem Sigurlaug var ein mætt af unglíngastigi var ekki ákveðið hvað sú stöð myndi hafa. En síðustu 2 ár hafa bekkjarfulltrúar á unglíngastigi verið í samvinnu um eina stöð.

Ef bekkjarfulltrúi getur ekki verið með á jólaföndurdaginn þá finnur hann/hún annað foreldri í bekknum til græja málið og um að gera að virkja foreldrana í bekkjunum til að skiptast á að vera í "afgreiðslu" stöðvarinnar. Foreldrafélagið bíður upp á kaffi og heitt súkkulaði og hver fjölskylda sem tekur þátt í jólaföndrinum kemur með eitthvað góðgæti á hlaðborð, smákökur, mandarínur eða annað jólalegt sem þeim dettur í hug. Jólaföndurdagurinn verður auglýstur í sveitapóstinum í næstu viku og viðburður búinn til á síðu félagsins á facebook:

https://www.facebook.com/Foreldraf%C3%A9lag-Hrafnagilssk%C3%B3la-1501792673413308/?ref=aymt_homepage_panel

Fundi slitið um kl 22:00.